

Fundargerð

188. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 8. des. 2016 á Hótel Húsavík.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**
- 2. Áætluð kostnaðarskipting sveitarfélaga vegna Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra árið 2017.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi lagði fram til kynningar áætlaða kostnaðarskiptingu sveitarfélaga vegna fjárhagsáætlunar ársins 2017, sjá meðfylgjandi skjal.

3. Dalvíkurbyggð – meðferð úrgangs frá hesthúsum í Hringsholti.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá ófullnægandi meðferð á hrossataði og kjúklingaskít frá hesthúsum í Hringsholti og alifuglahúsi Matfugls í Dalvíkurbyggð og helstu möguleikum til úrbóta. Umræða varð um mikilvægi þess að geyma húsdýraáburð í þéttum haughúsum í samræmi við reglur þar um og að nýta húsdýraáburð til uppgræðslu og jarðvegsbóta eða á annan viðurkenndan hátt.

Eftirfarandi var fært til bókar:

šHeilbrigðisnefnd kallar hér með eftir úrbótaáætlun frá Dalvíkurbyggð varðandi bættu umhirðu, landmótun, frágang og uppgræðslu í gömlum malargryfjum Dalvíkurbyggðar fyrir neðan Hringsholt. Áhersla er lögð á að ekki verði um viðvarandi uppsöfnun á húsdýraáburði í malargryfjunum og í þessu sambandi er bent á mikilvægi þess að áburður og sigvatn úr gryfjunum mengi ekki Friðland Svarfdælað.

4. Brennsluofn B. Jensen, kvartanir um ólykt.

María Markúsdóttir skýrði frá gangi mála varðandi rekstur ofnsins á lóð fyrirtækisins og kvörtunum sem hafa borist frá nágrönnum um ólykt frá brennsluofni B. Jensen. Umræða varð um mikilvægi þess að finna ofninum betri stað.

Umsagnir:

- 1. Malartaka í landi Ófeigsstaða og Rangár, umsögn.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem m.a. kemur fram álit Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra þess efnis að framkvæmdin teljist ekki háð mat á umhverfisáhrifum.

2. Skipulagslýsing vegna breytingar aðalskipulags Norðurbings 2010- 20130 og nýs skipulags Höfðavegar.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem m.a. kemur fram álit Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra varðandi ákveðin neikvæð sjónræn áhrif.

3. Tillaga að deiliskipulagi á áningastað í Vikraborgum við Öskju.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem framsettum áformum er fagnað.

4. Gjaldskrá vegna sorphirðu Dalvíkurbyggðar 2017, umsögn.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi fór almennt yfir mikilvægi þess að sveitarstjórnir beri gjaldskrár sem eru settar í stoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 undir heilbrigðisnefnd til samþykktar.

Eftirfarandi var fært til bókar:

šHeilbrigðisnefnd Norðurlands eystra samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð fyrir árið 2017, enda er hún byggð á samþykkt um sorphirðu á Norðurlandi eystra nr. 551/2000. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð sveitarfélagsins og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um.ö

Umsóknir um starfsleyfi:

1. N1 hf. hjólbarðþjónusta., kt. 540206-2010, Réttarhvammi 1, 600 Akureyri Hjólbarðaverkstæði. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
2. Bílarétting Beyja, kt. 430615-1300, Frostagötu 6b, 603 Akureyri. Bílaverkstæði. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
3. Matfugl ehf., kt. 471103-2330, Ytra-Holti, 620 Dalvík. Kjúklingaeldi. **Afgreiðslu frestað þar sem fyrirtækið hefur ekki skilað inn úrbótaáætlun. Ákveðið að setja starfsleyfisskilyrði í auglýsingarferli.**
4. Ósafl sf., kt. 670308-1460, Fnjóskadal. Jarðgangagerð. **Samþykkt að framlengja starfsleyfi um tvö ár.**
5. Ósafl sf., kt 670308-1460, Eyjafirði. Jarðgangagerð. **Samþykkt að framlengja starfsleyfi um tvö ár.**
6. Skútabergr ehf., kt. 510108-0350, Skútum/Moldhaugum, Hörgársveit. Efnisnám. Umræða varð um mikilvægi þess að fyrirtækið ljúki framkvæmdum við bundið slitlag á heimsreið og málun á vatnstönkum á athafnasvæði

fyrirtækisins. Þá kom fram að skv. gildandi skipulagi er ekki heimilt að koma vinnuvélasafni fyrir á svæðinu. **Samþykkt að veita starfsleyfi fyrir efnistöku og efnisgeymslur til 12 mánaða.**

7. Dögg Káradóttir, kt. 300954-2949 Ásgarðsvegi 18, 640 Húsavík. Gistiskáli að Litlu-Laugum 650 Þingeyjarsveit. **Samþykkt.**
8. Kaupgarður ehf, kt. 461195-2029, Sigtúni 38, 105 Reykjavík. Fosshótel Mývatn, borun á tveimur neysluvatnsholum og fyrir holu sem uppfyllir vatnspörf slökkviliðs. **Samþykkt.**
9. Jóna Jónsdóttir, kt. 280757-3149, Daðastöðum, Þingeyjarsveit, 641 Húsavík. Daðastaðir heimagisting. **Samþykkt.**
10. Krystsína Tsiutchanka kt. 050895-3789, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð, Hafnarstræti 8, íbúð 404, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
11. Anna Guðrún Grétarsdóttir kt. 231270-3459, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á frístundahúsi að Fornhaga 2 í Hörgársveit, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
12. Útsýn ehf. kt. 610607-2330, umsókn vegna gistiþjónustu í frístundahúsinu Hamragili í landi Víðifells (fnr. 216-1721), Fnjóskadal, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
13. Miðnætursnarl ehf. kt. 501116-1570, umsókn um starfsleyfi vegna reksturs veitingaskála að Strandgötu 6, 600 Akureyri undir nafninu Nætursalan. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
14. Pólarhestar ehf kt. 550502-5850, Grýtubakka 2. 601 Akureyri, fyrir hestaleigu og hestaferðir. **Samþykkt.**
15. Björböðin ehf kt. 540715-1140, Öldugötu 22, 621 Dalvík, fyrir Veitingastofu, bar og eldhús og bjórheilsulind. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
16. Læknastofur Akureyrar ehf kt. 711005-0720, Glerártorgi 2 hæð, 600 Akureyri, fyrir heilbrigðisþjónustu, sérfræðistofur og skurðstofur. **Samþykkt.**

Önnur mál:

-Nýleg eftirlitsheimsókn ESA um rekjanleika á kjötvörum, merkingar og notkun aukefna, stutt frásögn.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir heimsókna ESA og helstu áherslum sem þar komu fram.

-Úrskurður í úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá nýlegum úrskurði þar sem vísað er frá kæru á ákvörðun heilbrigðisnefndar frá 2. sept. 2015 um að veita starfsleyfi til fjögurra ára til reksturs eggjabús að Sveinbjarnargerði II og á þeirri afstöðu sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps frá 21. október 2015 að starfsleyfið samræmist gildandi aðalskipulagi.

-Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið og gengið að jólahlaðborði.

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Benedikt Kristjánsson

Þorkell Björnsson

Þórarinn Þórisson

Þórey Agnarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

María Markúsdóttir
